

Akureyrbær
Margrét Mazmanian Róbertsdóttir
Geislagötu 9
600 Akureyri

Reykjavík, 25. maí 2021
UST202105-223/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 – Vindorkuver í Grímsey

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Akureyrbæjar er barst 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 2018-2030 vegna vindorkuvers í Grímsey.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að stækka athafnasvæði AT20 úr 0,4 ha í um 1,0 ha og þeim skilmálum bætt við að innan svæðisins verði heimilt að reisa allt að sex vindmyllur með hámarkshæð frá jörð allt að 12 m.

Umhverfisstofnun telur að breytingin geti haft neikvæð áhrif á fuglalíf og búsvæði fugla, landslag og ásýnd, hljóðvist og útivist og mikilvægt er að mati stofnununarinnar að fjallað sé um ofangreinda áhrifaþætti í tillögunni.

Náttúruvernd

Umhverfisstofnun vill velja athygli á að samkvæmt heimasíðu Náttúrufræðistofnunar Íslands er Grímsey skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði. „*Mikið fuglalíf er í Grímsey og þær tegundir sem ná alþjóðlegum verndarviðmiðum eru rita (32.840 pör), langvíð (67.293 pör) og álka (114.796 pör). Á eyjunni er enn fremur ein stærsta lundabyggð landsins (40.275 pör). Grímsey er á IBA-skrá og stór hluti hennar er á náttúrumínjaskrá.*“ (<https://www.ni.is/node/16218>)

Auk þess vill Umhverfisstofnun benda á að Grímsey, ásamt 1 km verndarjaðri, á tillögu NÍ á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúrumínjaskrá. (<https://www.ni.is/greinar/ngrimsey>)

Umhverfisstofnun bendir á að NÍ hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúrumínjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúrumínjaskrá er skrá yfir þær náttúrumínjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlysingu eða friðun á næstu fimm árum.

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunrarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúrumínjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er


haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreint svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins. Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúrumínjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst,



Björn Stefánsson
sérfræðingur